


GILDANDI DEILISKIPULAG, ÖÐLAÐIST GILDI 20.05.2016.



BREYTT DEILISKIPULAG

ÞINGEYJARSVEIT - VAGLASKÓGUR

STÓRARJÓÐUR OG HRÓARSSTAÐANES ÁSAMT SVÆÐI UMHVERFIS VERSLUN

BREYTING Á DEILISKIPULAGI

Breyting á deiliskipulagi felst í eftirfarandi:

- Felld er út lóð og byggingarreitir fyrirhugaðrar þjónustubyggingar sem gert var ráð fyrir sunnan Stórarjóðurs ásamt skógarleiksvæði sunnan þjónustubyggingar. Í byggingunni var m.a. gert ráð fyrir möguleika á upplýsingamiðstöð, salerni, grillaðstöðu og aðstöðu fyrir starfsmenn.
- Í stað þjónustubyggingar er nú gert ráð fyrir lóð og byggingarreit fyrir eldaskála á svæði sunnan Stórarjóðurs og er skálinn staðsettur nokkuð sunnan en fyrirhuguð þjónustubygging var staðsett. Eldaskálinn er bygging þar sem gert ráð fyrir bálrými undir þaki í öðrum endanum en salernisaðstöðu og geymslu í hinum endanum. Á milli er opið rými eða áningarstaður.
- Gert er ráð fyrir rotþró sunnan lóðar eldaskálans þar sem aðgengi er gott frá vegi.
- Skilmálar fyrir þjónustubyggingu eru í kafla hér að neðan.
- Gert er ráð fyrir lóð og byggingarreit fyrir salernisbyggingu syðst í Stórarjóðri til að þjónusta tjaldgasti, en í byggingunni er gert ráð fyrir salernum auk möguleika á aðstöðu til þvotta. Byggingin er staðsett það sem núverandi salernisbygging er.
- Gert er ráð fyrir rotþró vestan lóðar salernisbyggingar þar sem aðgengi er gott frá vegi.
- Skilmálar fyrir salernisbyggingu eru þeir sömu og fyrir aðrar salernisbyggingar í Vaglaskógi, nánar í kafla hér að neðan.
- Vegna breytinga á lóðum og fyrirhuguðum byggingum breytast stígtengingar að og umhverfis eldaskálan en gert er ráð fyrir að stígur liggja vestan skálans og þaðan að bílastæðum, Stórarjóðri og aðliggjandi svæðum til suðurs.
- Gert er ráð fyrir þjónustuvegi að eldaskálanum frá aðkomu vegi að Vögllum sunnan eldaskálans. Þjónustuvegur þessi verður einnig nýttur sem aðkomuleið slökkvi- og sjúkrabíla að eldaskálanum. Vegna þess skal þjónustuvegurinn vera a.m.k. 5 m breiður og þannig gerður að hann beri umferð slökkvi- og sjúkrabíla.
- Sú breyting er gerð að bílastæði fyrir hreyfihamlaða, á bílastæði meðfram aðkomuvegi vestan eldaskálans, færast þannig að það er staðsett næst aðkomuleið að eldaskálanum.
- Kolagrafir eru staðsettar innan byggingarreits fyrirhugaðs eldaskála og vegna þess er með öllu óheimilt að ráðast í framkvæmdir nema að undangengnu samráði við Minjastofnun Íslands.

1.1 D - Eldaskáli

Innan byggingarreits er heimilt að reisa eldaskála á einni hæð að hámarki 200 m².

Bygging skal vera með mænispaki sem nær niður á jörð. Mænishæð frá aðalgólfi að hámarki 7,5 m.

Staðsetning innan byggingarreits er frjáls.

1.2 C - Salernisbyggingar

Innan byggingarreits er heimilt að byggja salernisbyggingu með þvottaaðstöðu. Byggingin skal vera á einni hæð með gólfleti að hámarki 35 m².

Þakform er frjálst en veggshæð og þar með hámarkshæð bygginga skal ekki fara yfir 3,0 m frá aðalgólfi.

Staðsetning innan byggingarreits er frjáls.

Ekki er talið að breytingin hafi í för með sér neikvæð umhverfisáhrif. Einu mögulegu áhrifin eru á minjar þar sem kolagrafir eru staðsettar innan byggingarreits fyrirhugaðs eldaskála, með öllu óheimilt að ráðast í framkvæmdir nema að undangengnu samráði við Minjastofnun Íslands.

Fyrir utan breytingar þessar gildir áfram greinargerð deiliskipulags sem öðlaðist gildi 20.05.2016.

DEILISKIPULAGSBREYTING ÞESSI SEM AUGLÝST HEFUR VERIÐ
SKV. 1. MGR. 43. GR. SKIPULAGSLAGA NR. 123/2010

FRÁ _____ TIL _____

VAR SAMÞYKKT Í SVEITARSTJÓRN ÞANN _____

SVEITARSTJÓRI ÞINGEYJARSVEITAR

SAMÞYKKT DEILISKIPULAGSBREYTINGARINNAR VAR AUGLÝST Í
B-DEILD STJÓRNARTÍÐINDA ÞANN _____



ÁÐALSKIPULAG ÞINGEYJARSVEITAR 2010-2022
SVEITARFÉLAGSUPPRÁTTUR

SKÝRINGAR

— MÖRK SKIPULAGSSVÆÐIS

— LÓÐARMÖRK

— NÚVERANDI BYGGINGAR

— BYGGINGARREITIR

A = ÞJÓNUSTUBYGGING, SALERNI

B = VERSLUN, ÞJÓNUSTA, SALERNI

C = SALERNI

D = ELDASKÁLI

7P BILASTÆÐI

VEGIR

GÖNGUSTÍGAR

TJALDFLATIR

LEIKSVÆÐI / DVALARSVÆÐI

TRJÁGRÓÐUR

30 30 KM HÁMARKSHRAÐI

50 50 KM HÁMARKSHRAÐI

MINJAR

ROTÞRÓ

HÆÐARFJÓLDI LÓÐARSTÆRÐ

NÝTINGARHLUTFALL

UNNIÐ FYRIR SKÓGRÆKTINA



ÞINGEYJARSVEIT - VAGLASKÓGUR
STÓRARJÓÐUR-HRÓARSSTAÐARNES-SVÆÐI UMHV. VERSLUN
DEILISKIPULAGSBREYTING - TILLAGA

KVARÐI-A3: 1:1000 TEIKN NR: 001
DAGS: 22.01.2019 HANNAÐ: Ól / il
FLOKKUR: 6000 TEIKNAD: il
SKRÁ: 16216_gm-dsk-br_nov18.dwg VERKNR: 16216

